

Fundur í stjórn foreldrafélags Sunnulækjarskóla

Fundur nr. 1 skólaárið 2012-2013

03.09.2012

Fundartími 17:00-19:00

Mættir voru: Linda Björk Sigurðardóttir, Anne B Hansen, Óskar Gunnarsson, Aðalbjörg Skúladóttir, Hanna Rut Samúelsdóttir

Fjarverandi: Helena Herborg Guðmundsdóttir, Ægir Sigurðsson

Fundarstjóri: Linda Björk

Fundarritari: Óskar Gunnarsson

Ákveðið var að fresta skipun í stöður stjórnar þar til að allir úr stjórn væru mættir.

Byrjað var að fara yfir og kynna fyrir nýjum stjórnarmeðlimum starf stjórnar, hvað hefur verið gert og hvernig staðan er á hinum ýmsu málum og fór stór hluti fundarins í það.

Tekin var fyrir ábending sem kom síðasliðið vor til stjórnar um að styrkja tækjakost til útieldunar sem skólinn er að efla sig í þ.e.a.s útikennslu. Ákveðið að kaupa áhöldin sem búið var að fá verð í og færa skólanum sem gjöf.

Umræða var um hvort kvartanir hafi komið inn til foreldrafélagsins um aðbúnað skólavistunar sem heyrast úti á meðal foreldra. Ákveðið var að Aðalbjörg taki að sér þau málefni sem snúa að skólavistun.

Linda talaði um að senda út giróseðla fyrir árgjald foreldrafélagsins fyrr heldur en gert var í fyrra. Ákveðið var á síðasta aðalfundi að árgjald yrði óbreytt. Aðalbjörg ætlar að kanna kostnað giróseðlanna.

Ákveðið var að stjórn foreldrafélagsins stæði fyrir fundi með bekkjartenglum vetrarins eins og gert hefur verið síðastliðin tvö haust þar sem farið er yfir starf tengla. Stefnt er á að halda þennan fund 25.sept. Bent var á að sniðugt væri að koma ábendingu til foreldra sem vilja vera tenglar að hægt er að bjóða sig fram áður en að mætt er á foreldrafundi sem haldnir verða á næstu dögum.

Sú hugmynd var rædd að breyta heimasíðu foreldrafélagsins í Facebook-síðu sem allir gætu farið inn á og auðveldara væri að uppfæra. Þetta verður skoðað í vetur.

Foreldrafélagið hefur skipulagt foreldrarölt udanfarin ár í samstarfi við Vallarskóla og er búið að raða niður á röltið út september. Linda ætlar að vera í sambandi við foreldrafélag Vallarskóla til að raða niður fyrir veturinn.

Umræða var um hvort foreldrafélagið eigi að standa fyrir forvarnafundi með fyrirlestri í samstarfi við aðra skóla í Árborg. Ákveðið var að taka það fyrir á næsta fundi.

Eineltismál komu til umræðu og útkoma Sunnulækjarskóla úr könnun þar sem skólinn kom best út af skólum í Árborg með 11% svaranda sem sögðust hafa orðið fyrir einelti. Hvernig er hægt að lækka þessa tölu?

Næsti fundur ákveðinn 02.10.2012

fundi slitið kl 19:00